

Leiðin um Reynivallaháls og Svínaskarð.

Það var ísaldarjökullinn sem mótaði þetta land. Fyrnastórir og breiðir skriðjökklar gengu vestur frá meginjöklinum til sjávar þar sem nú er Hvalfjörður og Kjós. Aðrir minni komu að sunnan og norðan. Þessir jökklar grófu sig djúpt í berglögin. Þegar hlýna tók í veðri hopuðu þeir og þá komu afleiðingarnar í ljós, það landslag sem nú blasir við augum þeirra, sem leið eiga um þetta svæði.

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og þar til bílaöldin hófst á 2. tug þessarar aldar var hesturinn eina farartækið á landi. Á þessum 1000 árum létu forfeður okkar vegagerð að mestu hjá líða. Þær slóðir sem hestahófarnir mörkuðu voru látnar duga. Fram að þeim tíma var aðalleiðin til Reykjavíkur frá Vestur- og Norðurlandi fyrir Hvalfjarðarbotn, Inn Fossárdal, yfir Reynivallaháls, þvert yfir Kjósina, um Svínaskarð og þaðan sem leið lá til höfuðstaðarins.

Á árunum 1920 - 1930 var fyrst unnið að vegagerð um Kjalarnes og umhverfis Hvalfjörð og þegar sá vegur var orðinn ökufær lagðist hin forna leið af að mestu. En á síðari tímum hefur hún verið endurvakin af gangandi eða ríðandi skemmtiferðarmönnum.

Leiðin frá Hvalfirði að Hrafnhólum við Leirvogsa er nokkuð löng og erfið fyrir lítt gönguvant fólk, því hún er nokkuð á fótinn, þar sem farið er yfir Reynivallaháls og Svínaskarð. (Má reikna með að hún taki 7-8 klst. fyrir þann hóp göngumanna). Af þeim sökum er hyggilegt að fara leiðina í tveimur áföngum (Fossá - Laxá og Laxá Hrafnhólar).

Fossá. Býli, fyrir mynni Fossárdals kunnugt ferðamönnum fyrr á tímum. Nú í eyði. Samkvæmt Landnámabók náði landnám Hvamm-þóris að Fossá. Árið 1972 keyptu Skógræktarfélag Kjósarsýslu og Skógræktarfélag Kópavogs jörðina og er hugmyndin að klæða land hennar skógi. Fossá rennur um dalinn og fellur í fjörðinn rétt fyrir neðan þjóðveginn. Þar er foss í ánni, sem heitir Sjávarfoss, en hvammurinn umhverfis fossinn Kálfadalur. Fjarrétt er í Kálfadal. Önnur rétt, eldri er nokkru ofar með ánni. Fjaran fyrir neðan veginn er auðug af kræklingi.

Reynivallaháls. Hann stóð af sér átök ísaldarjökulsins. Hann er aðallega myndaður úr basaltraunlögum. Nafnið er kennt við kirkjustaðinn Reynivelli í Kjós. Hann er hestur um miðbikið, á Grenshæðum (425 m y.s.) Leiðin frá Fossá liggur vestan í Fossárdal uns komið er að Sperribrekkgili. Árspræna, Mígandi að nafni fellur eftir gilinu. Leiðin fylgir gilinu uns komið er að **Dauðsmannsbrekku**. Samkvæmt þjóðsögn bjó maður að nafni Magnús á Fossá í 18. öld. Við þessar brekkur sat hann fyrir ferðamönnum, drap þá og hirti af þeim allt fémætt. Við Dauðsmannsbrekku eru gatnamót. Gíslagata liggur þaðan til suð-vesturs í stefnu á Meðalfell.

Sandfell. Þegar komið er upp á hálsinn blasir Sandfellið (384 m y.s.) við augum. Norðan við það er Sandfellstjörn. Leiðin liggur austan við tjörnina og fellið að Vindáshlíð. Sandfell sker sig úr umhverfinu. Það rís um 130 yfir umhverfið, myndað úr móbergi og varð til við gos undir jökli fyrir um 50 þúsund árum að talið er. Það er auðvelt uppgöngu og gefur góða sýn yfir Kjósina og nærliggjandi fjöll.

Kjós: Stór og mikill dalur, sorfinn niður af ísaldarjöklinum, en Meðalfell og Eyrarfjall standa eftir. Nafnið mun merkja kvos eða dæld. Kjósinn var þéttbýl áður fyrr, en bújörðum hefur fækkað á síðari tímum, en þess í stað risið mikil sumarhúsabyggð í dalnum, einkum í námunda við Meðalfellsvatn, sunnan undir Meðalfelli. Í Landnámabók segir, að Valþjófur Örlygsson hins gamla, er nam land á Kjalarnesi og bjó á Esjubergi, hafi numið "Kjós alla" og búið að Meðalfelli.

Vindáshlíð: Þar eru sumarbúðir KFUK í Reykjavík. Fyrsta húsið var reist þar um 1950. Byrjað var smátt, en starfsemin hefur vaxið með ári hverju. Gróðursetning trjáplanta hefur verið stunduð þar frá fyrstu tíð, enda er þar kominn vöxtulegur skógur, sem fer stöðugt stækkandi. Árið 1957 þegar Hallgrímskirkja hafði verið byggð að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, var gamla kirkjan flutt þaðan að Vindáshlíð og reist þar að nýju eftir gagngerðar endurbætur.

Laxá: Áin kemur úr Stíflisdalsvatni og fellur í Laxárvog. Hún er um 20 km á lengd, meðalrennsli um 15m³ á sek og vatnasvið um 150 km² (um 211 km² ef vatnasvið Bugðu, sem fellur úr Meðalfellsvatni, er talið með). Í leysingum og stórríningum geta komið ofsaflóð í ána flæðir hún þá yfir bakka sína og er dalurinn þá yfir að líta sem stórt stöðuvatn. Laxá er með gjöfulustu laxveiðiám landsins og veiðast þar jafnan hátt í tvö þúsund fiskar hvert sumar. Í ánni eru nokkrir fossar. Má þar nefna m.a. þórufoss í Kjósarskarði, sem er þeirra stærstur og Pokafoss, en hann er rétt ofan við bugðu á ánni austan við Vindáshlíð. Brú er á Laxá neðanundir Vindáshlíð. Á lágum klettastalli vestan við brúna er skilarétt sveitarinnar. Neðan við réttina er Norðlingavað, en á því vaði liggur þessi forna þjóðleið yfir ána. Óefað hafa orðið mörg slys á svo fjölfarinni leið í aldanna rás . Eitt hefur verið fært í annála. Árið 1556 drukknadi þar Oddur Gottskálksson lögmaður. Var hann á leið til Alþingis. Að sögn var áin talin ófær. En lögmaður skeytti því ekki heldur reið út í. Hesturinn hrasaði, losnaði Oddur þá úr hnakknum og flaut undan straumi. Hann rak upp á eyri í ánni, komst þar á fjóra fætur, en yfirhöfnin slóst fram yfir höfuð hans og færði hann aftur í kaf. Hann náðist þó lifandi. Var tjaldað yfir hann við ána en um nóttina andaðist hann.

Írafell. Frá Norðlingavaði er stefnan tekin á mynni Svínadals. Írafell heitir kollóttur hnúkur austan við dalsmynnið (260 m y.s.) Vestan undir fellinu standur samnefndur bær. Möðruvellir er næsti bær vestan við brúna sunnan ár. Þessir tveir bæir eru þekktir, ekki síst vegna sagnanna um Írafellsmóra, einn frægasta draug landsins, sem eru gerð glögg skil í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Um aldamótin 1800 bjó Kort Þorvarðarson á Möðruvöllum. Kona hans hét Ingibjörg. Margir höfðu beðið hennar, en ekki fengið. Eftir að hún giftist Kort ákváðu fyrri biðlar hennar hefndir. Galdramaður einn var fenginn til að senda þeim hjónum sendingu. Valdi hann til þess "drenghnokka einn, er sagan segir að hafi orðið úti milli bæja, en galdramaðurinn vakti hann upp volgan, eða ekki með öllu dauðan og sendi hann þeim Kort á Möðruvöllum og mælti svo um, að draugurinn skyldi fylgja þeim hjónum og niðjum þeirra í níunda lið og vinna þeim margt til meins". Draugur þessi var Móri kallaður. Þeir sem sáu hann sögðu að hann væri í "grárrí brók að neðan og móræuðri úlpu fyrir bolfat, með svartan hatt, bardastóran á hausnum, og er skarð eða geil stór inn í barðið upp undir vinstra auga" (þjóðs. J.Á). Móri var alræmdur fyrir hrekkvísi. Hann varð oft skepnum að bana, en ekki mun hann hafa grandað fólki. Hann krafðist þess að fá mat og hélt sig því mikið í búrinu og fylgdist með, þegar húsfreyja skammtaði matinn. Gerði hann sér það oft að leik ef honum mislíkaði að kasta torfusneplum eða grjóti í matinn og stundum fór hann með lappir og lúkur ofan í skyrásína og sletti skyrinu í allar áttir.

Þegar Magnús sonur Korts flutti að Írafelli og fór Móri þangað með honum. Þar krafðist Móri þess að hafa sér rúm í baðstofunni og var það látið eftir honum. Eftir þetta var Móri kenndur við Írafell og sagt er að hann hafi fylgt niðjum Magnúsar síðan.

Svínaskarð. Skálafell er að austan en Móskaðahnúkar að vestan við skarðið, en um það liggur leiðin milli Kjósar og Mosfells-bæjar. Skarðið er í 481 m. hæð yfir sjó. Sunnan frá er hallinn nokkuð jafn upp í háskarðið en að norðan er leiðin styttri en all brött. Að vetrarlagi getur hún verið þar varasöm sökum harðfennis og snjóflóða. Tvær allstórir grjóthrugur eru efst í skarðinu, myndaðar af ferðamönnum. Víða á

landinu eru áþekkar grjóthrúgur í fjallaskörðum á vatnaskilum. Oft fylgir sú sögn að þar hafi menn barist, gjarnan smalar, fallið í bardaganum og verið dysjaðir á staðnum.

Fyrirum var Svínaskarð fjölfarið, bæði af gangandi og ríðandi mönnum.

Trúlega hafa margir lagt þar upp í sína hinstu för á liðnum öldum, þótt fátt sé af því skráð. Á jólnum 1900 varð þar úti 15 ára piltur frá Hækingsdal í Kjós. Laust eftir 1930 var farið á bifreið yfir Svínaskarð en aðeins í eitt sinn og ekki reynt oftar.

Úr skarðinu er auðvelt að ganga bæði á Móskaðahnúka og Skálafell. Þaðan er bæði vítt útsýni og fagurt. Móskaðahnúkar eru ljósir á lit enda úr líparíti.

Skarðsá á upptök sín í skarðinu og fellur í Leirvogsa skammt fyrir vestan Hrafnhóla. Gatan fylgir ánni. Suður af Skálafelli, austan við ána rísa Stardalshnúkar efst en þríhnúkar neðar. Það sem einkennir þessa hnúka er hið fagurlega mótaða stuðlaberg sem myndar þá flesta.

Hrafnhólar: Fyrsta býlið við Svínaskarðsleið að sunnanverðu. Við túnfótinn rennur Leirvogsa. Hún kemur úr Leirvogsvatni og fellur í Leirvog. Skammt fyrir ofan Hrafnhóla hefur áin myndað hrikaleg gljúfur. Þar er Tröllafoss, hár, fagur og skoðunarverður. Er þangað um 20 mín. gangur frá bænum.